



Reykjavík 26. maí 2023

## Niðurstaða athugunar á meðhöndlun Landsbankans hf. á SME í útreikningi á eiginfjárförf og notkun breytistuðla

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf í mars 2022 athugun á verklagi Landsbankans hf. (hér eftir bankinn) við að ákvarða hvaða aðilar falla undir skilgreiningu lítilla og meðalstórra félaga (SME) skv. ákvæði 501. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (CRR), sbr. lög nr. 161/2002, um fjármála-fyrirtæki (fftl.). Samhliða kannaði fjármálaeftirlitið verklag bankans við flokkun áhættuskuldbindinga utan efnahags og beitingu breytistuðla, sbr. 111. gr. CRR. Athugunin var hluti af þemaathugun fjármálaeftirlitsins hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf.

Við vettvangsathugunina lagði fjármálaeftirlitið sérstaka áherslu á að kanna þau viðmið sem bankinn notaði við mat sitt og hvort þau væru í samræmi við þær kröfur sem lög, reglugerðir og tilmæli segja til um. Þá voru valin úrtök til könnunar á afmörkuðum hluta eiginfjárskýrslu bankans, m.v. 31. desember 2021.

Niðurstaða lá fyrir í september 2022. Með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina gerði fjármálaeftirlitið eftirfarandi athugasemd við bankann:

- Að verklagi hafi verið ábótavant við mat á því hvaða skuldbindingar eru tækar til lækkunar á áhættugrunni, sbr. 501. gr. CRR og þágildandi 17. gr. a. ffl., en vankantar voru á umgjörð bankans, að því er varðar mat á því hvort hlutaðeigandi lántakar teldust uppfylla skilyrði b-liðar 2. mgr. 501. gr. CRR. Náði það m.a. til vankanta sem tengjast viðeigandi skilgreiningu á hugtakinu fyrirtæki (e. enterprise), tengingum fyrirtækja, mati á veltu þeirra og viðmiða varðandi ársreikninga þeirra sbr. ákvæði 501. gr. CRR og tilmæli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, (Commission Recommendation 2003/361/EC) um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum. Jafnframt var gerð krafa um viðeigandi úrbætur.